

## Ferð í Þórsmörk 27.03.2010

Hópur frá Jarðvísindastofnun fór í Þórsmörk laugardaginn 27. mars. Í hópnum voru Ívar Örn Benediktsson, Hreggviður Norðdahl, Esther Ruth Guðmundsdóttir, Snorri Guðbrandsson, Eyjólfur Magnússon, Morten Riishus og Snævarr Guðmundsson, auk fimm aðstoðarmanna og fylgdarmanna frá Flugbjörgunarsveitinni á Hellu. Hluti hópsins var við kortlagningu í og við Hrunagil, aðrir gengu upp að gosstöðvunum.

### Niðurstöður kortlagningar í og við Hrunagil

Ekið var inn að munna Hrunagils í Unimok Flugbjörgunarsveitarinnar á Hellu. Vanir heitapottsmenn giskuðu á að hitastig Hrunár væri um 40-50°C (um 800 m frá enda hraunstraumsins í Hrunagili). Kl. 13 var gengið inn að enda hraunsins og staðsetning hans mæld kl. 14:35 (N63 39.403, W19 24.759). Hraunendinn reyndist vera um 180 m neðar en daginn áður (skv. MTG á fundi í morgun). Breidd hrauntungunnar var um eða undir 10 m. Áin rann meðfram hrauninu og mikið gufaði upp af því. Gufubólstrar sem stigu upp við enda hraunsins af og til virtust færast neðar smám saman, sem bendir til framrásar hraunsins í smáum áföngum. Gilið er þarna mjög þröngt og stórt bjarg stendur í ánni við hraunendann. Það hindrar e.t.v. framrás hraunsins um sinn. Engar sprengingar sáust eða heyrðust í gilinu. Þegar komið var til baka í munna gilsins um kl. 15:30 hafði áin hitnað svo mikið að ekki var hægt að halda hendinni ofan í nema í 1-2 sek. Vatnshitinn var, á að giska, kominn í 50-60°C. Bláleitur reykur steig upp úr gilinu kl. 16:25, líklega vegna sprengingar við hraunendann.

Árkeila við munna Hrunagils hallar um 2° til NA, og eilítið meira til SA í átt að öðru gili austan við Hrunagil, hvar lítil þverá rennur í Hruná. Hraunið myndi líklega leita þangað inn fyrst og stífla þverána, áður en það tæki að renna út með Hruná. Kannað var hvort hraunið myndi leggjast upp að sethjöllum þegar það þveraði gilið, sem síðan gætu brostið og valdið flóðum. Slíkir sethjallar voru hvergi sjáanlegir og því líklegt að hraunið leggist upp að gilveggjunum og myndi varanlega hraunstíflu. Ekki tókst að kanna grunnvatnsstöðu á jökuláreyrunum vegna frosts í jörðu, en líklega stendur grunnvatnið lágt þar sem lítið er í ánum. Það getur þó breyst hratt þegar vaxa tekur í ánum í vorleysingum. Miðað við núverandi ástand eyranna eru ekki teljandi líkur á sprengingum ef hraunið nær niður á eyrarnar. Sé miðað við stærð hrauntungunnar í Hrunagili mun hraunflæði þangað þurfa að aukast verulega eða vera með svipuðu sniði í langan tíma til að valda verulegum breytingum á eyrunum neðan Hrunagils.



Við mynni Hrunagils. Jeppinn stendur við Hruná.